



Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar og barnsins vegna tímabundinnar heimildar Reykjavíkurborgar til viðbótarniðurgreiðslu sem fer beint til foreldra vegna niðurgreiðslu daggæslu. Um er að ræða tímabilið 1. júlí til 31. desember 2023. Vinnslan byggir á samþykki foreldra, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og jafnframt 2., 3. og 5. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Samþykki þetta er hægt að afturkalla í heild eða að hluta hvenær sem er með tilkynningu þess efnis til skóla- og frístundasviðs. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem fram hefur farið fram að þeim tíma. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína. Þær upplýsingar sem hér koma fram verða geymdar á öruggum stað og ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en til að veita upplýsingar um umsókn um aukna niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum.

Með þessari skráningu er unnið með almennar persónuupplýsingar foreldra og barna þeirra: Nafn, kennitölu, lögheimili, bankareikning foreldris, nafn dagforeldris auk upplýsinga um greiðslur til dagforeldrisins.

Nafn barns:	Kennitala:
Nafn foreldris 1	Nafn foreldris 2
Lögheimili:	
Nafn dagforeldris	

Ég/við undirrituð foreldrar/forsjáraðilar ofangreinds barns óskum hér með eftir að fá greitt til okkar aukna niðurgreiðslu vegna tímabilsins _____ til _____ þar sem að frá þeim tíma hafði barn mitt/okkar náð 18 mánaða aldri.

Óskað er eftir að aukin niðurgreiðsla verði greidd inn á bankareikning _____ sem er á nafni _____ og kennitölu _____

Það er skilyrði aukinnar niðurgreiðslu að um sé að ræða foreldra barna með lögheimili í Reykjavík sem náð höfðu 18 mánaða aldri þann 1. júlí 2023. Skilyrði aukinnar niðurgreiðslu til foreldra vegna daggæslu er að dagforeldri hafi á sama tímabili fengið niðurgreiðslu frá skóla- og frístundasviði vegna barnsins. Meðfylgjandi þurfa að fylgja reikningar dagforeldris og greiðslukvittun. Aukin niðurgreiðsla miðar við það mánaðargjald sem foreldrar greiddu til dagforeldris á tímabilinu að frádregnu mánaðargjaldi sem sömu foreldrar hefðu greitt í leikskóla, miðað við sama dvalartíma og sömu afslætti ef það á við. Viðmiðunargjaldið byggir á gjaldskrá leikskóla eins og hún var birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar í sama mánuði. Aukin niðurgreiðsla til foreldra verði til samræmis við það að gjald foreldra hjá dagforeldrum hafi verið að hámarki 130 þús. kr. á mánuði. Umsóknarfrestur til að sækja um aukna niðurgreiðslu er til 1. júlí 2024. Framangreint byggir á samþykkt borgarráðs frá 14. nóvember 2023.

Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki sem þegar hefur verið veitt vegna ofangreinds. Hægt er að afturkalla eða breyta samþykki með því að fylla aftur út þetta eyðublað og senda það á netfangið sfs@reykjavik.is.

Reykjavík, dags. _____

- Ég staðfesti að ég hef kynnt mér efni þetta og veiti samþykki mitt fyrir framangreindri vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem að ofan er lýst.
- Undirritað foreldri (forsjáraðili) fer eitt með forsjá barns

Nauðsynlegt er að báðir foreldrar (forsjáraðilar) skrifi undir beiðnina nema þar sem foreldri fer eitt með forsjá.

Undirskrift foreldris*

Undirskrift foreldris*

*Foreldrar teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningu barnalaga nr. 76/2003.

Eyðublað þetta verður geymt í Hliðunni sem er skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar. Vinnsluáðili vegna kerfisins er Hugverk hf. Reikningagerð fer í gegnum kerfið Agresso sem er í eigu vinnsluáðilans Advania ehf. Reykjavíkurborg hefur gert vinnslusamning við bæði Hugvit hf. og Advania Ísland ehf. um geymslu og vistun gagna í fyrrgreindum lausnum. Persónuupplýsingar þínar og barnsins sem veittar eru í þessu eyðublaði eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á leikskólanum sem rekinn er af Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu til samræmis við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>. Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is).